

M-38/2008. Álit 21. ágúst 2008

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 21. ágúst 2008 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-38/2008:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 5. júní sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna gjafabréfs í versluninum Y.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Kæruneftndin gaf seljanda kost á andsvörum með bréfi, dags. 4. júní sl., og bárust þau 10. júní. Með bréfi, dags. 11. júní, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 20. júní. Engar athugasemdir bárust. Með bréfi, sem aðilum var sent 27. júní sl., var þeim tilkynnt að málið hefði verið tekið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst hafa fengið að gjöf gjafabréf að upphæð kr. 5.000 í verslunum Y. Gjafabréfið hafi týnst í flutningum og þegar hún hafi farið með það í eina verslunina hafi sér verið sagt að það væri útrunnið. Gjafabréfið er dagsett 22. desember 2006 og er prentað á það að bréfið gildi í eitt ár frá útgáfudegi.

Álitsbeiðandi segir að samkvæmt fyrningarlögum megi semja um styttri fyrningarfræst en í lögnum sé ákveðinn en slíkur samningur megi þó ekki vera ósanngjarn samkvæmt 36. gr. samningalaganna. Álitsbeiðandi vísar til þess að um einhliða samningsákvæði fyrirtækisins sé að ræða hvað varði 12 mánaða gildistímann og telji hún þá samningsskilmála vera ósanngjarna. Þá bendir álitsbeiðandi á að í 6. gr. leiðbeinandi skilaréttarreglna, sem iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið hafi sett fyrir nokkrum árum, standi eftirfarandi:

„Gjafabréf sem seljandi gefur út skulu dagsett og halda gildi sínu gagnvart seljendum í fjögur ár frá útgáfudegi, svo og gagnvart þeim er hann kann að framselja verslunarrekstur sinn til.“

Þá bendir álitsbeiðandi á niðurstöðu danska „forbrugerklagenævnet“ í máli frá árinu 1998 sem hún telur vera hliðstætt máli sínu.

IV

Andsvör seljanda

Seljandi segir skýrlega tekið fram í gjafabréfinu að það gildi í eitt ár í verslunum sínum sem sé ríflegur tími til þess að nýta inneign samkvæmt gjafabréfinu. Álitsbeiðandi hafi komið 4 mánuðum eftir að samningurinn um gjafabréfið hafi runnið út. Gjafabréf sín segir seljandi vera gefin út á sama hátt og aðrir geri sem stundi sambærileg viðskipti á Íslandi og hjá flestum þeirra sé um eins árs gildistíma að ræða. Seljandi segist ekki telja sig skyldan til þess að verða við ósk álitsbeiðanda um framlengingu á útrunnum samningi.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og verslananna Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 og 1.-3. mgr. 1. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, sem viðskipti aðila falla undir.

Sá sem er handhafi gjafabréfs af því tagi sem álitsbeiðandi hefur yfir að ráða öðlast rétt til þess að taka síðar út vörur í þeim verslunum sem tilteknar eru í gjafabréfinu. Hér er því um að ræða neytendakaup þess eðlis að kaupandinn greiðir vöruna eða upp í verð hennar fyrir fram en fær hana afhenta síðar gegn framvísun gjafabréfsins. Ekki var í því tilviki sem hér um ræðir samið um afhendingu sérstakrar vöru sem útgefandi gjafabréfsins hefur til sölu heldur réðist það af vilja handhafa bréfsins í hvaða kaupum í viðkomandi verslun það yrði notað sem greiðslu. Líta má svo á að seljandinn hafi ákveðið hagræði af þessum viðskiptum, þ.e. hann fær greiðslu kaupverðsins strax og getur ráðstafað henni til sinna þarfa og þarf ekki að afhenda meira verðmæti þegar bréfið er notað sem greiðsla en nemur nafnverði þess þótt kaupunum sé lokið síðar.

Eins og að framan er rakið er tekið fram á gjafabréfinu að það gildi í eitt ár frá útgáfudegi þess sem var 22. desember 2006. Álitsbeiðandi segist hafa óskað eftir því að nota bréfið sem greiðslu í apríl 2008 eða um fjórum mánuðum eftir að árið var liðið. Álitaefnið er það hvort framangreind takmörkun á gildistíma gjafabréfsins fær staðist að lögum og þá með það í huga að ekki var lengri tími liðinn en fjórir mánuðir frá því gildistími gjafabréfsins rann úr samkvæmt ákvæðum þess. Fyrningarlög nr. 14/1905 eru enn í gildi að því er varðar kröfur sem stofnast hafa fyrir 1. janúar 2008, sbr. 28. gr. fyrningarlaga nr. 150/2007. Samkvæmt 1. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 fyrnast kröfur um sölu eða afhendingu á vörum eða lausafé á fjórum árum og fyrningarfrestur telst frá þeim degi er krafa varð gjaldkræf, sbr. 1. mgr. 5. gr. laganna. Þrátt fyrir þessi ákvæði fyrningarlaga er talið heimilt að tímabinda kröfuréttindi með sérstökum samningum og fer þá um gildi þeirra samninga eftir þeim reglum er um samninga gilda almennt. Í lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa eru svohljóðandi ákvæði í 36. gr.:

“Samningi má víkja til hliðar í heild eða að hluta, eða breyta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig, [sbr. þó 36. gr. c]. Hið sama á við um aðra löggæringa.

Við mat skv. 1. mgr. skal líta til efnis samningsins, stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerðina og atvika er síðar komu til.”

Í 3. mgr. 36. gr. c segir eftirfarandi:

“Samningur telst ósanngjarn stríði hann gegn góðum viðskiptaháttum og raski til muna jafnvægi milli réttinda og skyldna sammingsaðila, neytanda í óhag. Ef slíkum skilmála er vikið til hliðar í heild eða að hluta, eða breytt, skal samningurinn að kröfu neytanda gilda að öðru leyti án breytinga verði hann efndur án skilmálans.”

Kærunefndin álitur að til framangreindra ákvæða laga nr. 7/1936 verði fyrst og fremst að líta við mat á því hvort ákvæðið í gjafabréfinu um gildistíma þess fær staðist að lögum eða ekki. Uppi er sú einfalda staða að eigendur þeirra verslana sem krafa álitsbeiðanda beinist að hafa fengið greiddar kr. 5.000 sem þeir hafa getað notað til þessa án þess að láta nokkuð á móti og neita nú að gera. Yrði kröfu álitsbeiðanda hafnað fengju verslunareigendurnir þessa greiðslu þannig fyrir ekki neitt en handhafi gjafabréfsins yrði fyrir tjóni að sama skapi. Verður ekki annað séð að við svo búið myndi jafnvægi raskast til muna á milli réttinda og skyldna sammingsaðila, neytanda í óhag, sbr. fyrri málslið 3. mgr. 36. gr. c laga nr. 7/1936 sem rakin er að framan. Ekki verður séð að það hefði valdið verslunareigendunum neinu sérstöku óhagræði að afhenda vöru á móti gjafabréfinu enda þótt u.þ.b. fjórir mánuðir væru liðnir umfram þann tíma sem liðinn var frá árinu sem tilgreint er í gjafabréfinu. Bréfið náði ekki til ákveðinnar vörutegundar sem hugsanlega væri vandkvæðum bundið að útvega og tími sá sem liðinn var frá síðari mörkum þess gildistíma sem tiltekinn var í gjafabréfinu var skammur. Með þetta í huga er það niðurstaða meirihluta kærunefndarinnar, í því sérstaka tilviki sem hér um ræðir, að þeim hluta sammings aðila sem nær til gildistíma gjafabréfsins eigi að víkja til hliðar samkvæmt ákvæðum 36. gr. laga nr. 7/1936. Niðurstaða kærunefndarinnar er því sú að álitsbeiðandi eigi rétt til þess að greiða vöruúttekt í einhverri eftirtalinna verslana Y, með gjafabréfi sínu.

Álitsorð

Álitsbeiðandi, X, á rétt til þess að greiða vöruúttekt í einhverri eftirtalinna verslana, Y, með gjafabréfi sínu útgefnu 22. desember 2006 að fjárhæð kr. 5.000.

Friðgeir Björnsson
formaður

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Sératkvæði Guðrúnar Bjarkar Bjarnadóttur

Í hinu umdeilda gjafabréfi er kveðið á um að bréfið hafi ákveðinn gildistíma, þ.e. í eitt ár frá útgáfudegi þess 22. desember 2006. Samkvæmt ákvæðum gjafabréfsins getur handhafi þess tekið út vörur og greitt fyrir þær eða upp í kaupverð þeirra í fjórum tilgreindum verslunum Y, á framangreindum gildistíma. Samkvæmt efni gjafabréfsins á handhafi þess því kröfu á hendur þessum verslunum um afhendingu vöru. Um fyrningu slíkrar kröfu færi, hafi ekki öðru vísi verið samið um, eftir 1. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda, þ.e. fyrningartíminn væri 4 ár. Þrátt fyrir þessi ákvæði fyrningarlaga er talið heimilt að tímabinda kröfuréttindi með sérstökum

samningum og fer þá um gildi þeirra samninga eftir þeim reglum er um samninga gilda almennt og þá sérstaklega 36. gr. og 36. gr. c laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Telur undirrituð að með kaupum á gjafabréfi þar sem skýrlega kemur fram hver gildistími þess er, sé kominn á bindandi samningur milli kaupanda og seljanda sem tímabindi þau kröfuréttindi sem í gjafabréfinu felast umfram ákvæði fyrningarlaga.

Frestur sá sem ákveðinn var í gjafabréfinu til úttektar var eitt ár og því tiltölulega rúmur og má einnig í því sambandi líta til þess að viðskiptin voru lítil í sniðum. Er því ekki hægt að álíta að tækt sé að víkja gildistímaákvæði gjafabréfsins til hliðar á grundvelli 36. gr. og 3. mgr. 36. gr. c nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Niðurstaða undirritaðrar er því sú að þar sem handhafi gjafabréfsins vísaði því ekki fram sem greiðslu fyrir u.þ.b. fjórum mánuðum eftir að það féll úr gildi eigi hann ekki kröfu til þess að einhver verslananna fjögurra taki við því nú sem greiðsla fyrir vöru. Samkvæmt framanskráðu er það álit undirritaðrar að hafna verði kröfum álitsbeiðanda.

Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, Y, er hafnað

Guðrún Björk Bjarnadóttir

